

Fundur 25.9.2023 Japani, Ajumu Osaka, flutti fyrir 30 árum.

Góða kvöldið, heilsa ég ykkur.

*Já góða kvöldið, blessaður hver sem þú ert.*

Tala ég til ykkar úr stórum sal og er það mikil ánægja hjá mér og okkur hér í salnum að við höfum með þessum hætti tengst hinni fámennu þjóð á ykkar klettaeyju.

Og höfum við, berum við miklar vonir til þessa skynsamlega sambands og berum við mkla virðingu fyrir hinni Íslensku þjóð.

Neyttum við oft afurða frá ykkar landi og gerum enn, og mest þykir þó mér koma til sambandsins við aðrar stjórnur, sem ykkar samlandi uppgötvaði.

Og ætti sú vísinda uppgötvun skilið að lyfta nafni landins hærra en verið hefur og hefði það hjálpað mér í mínu framlífi að vita það betur.

En hér tala ég að vísu úr stjörnusambandsstöð og er hún all fjölmenn, mikil bygging og veit ég til þess að þjóðirnar sem standa framarlega hafa sameinast í slíkum byggingum og samgöngum sín á milli.

Verð ég nú að segja að ekki eru allir af minni þjóð sem gefa sig að þessu málefni, frekar en af öðrum þjóðernum og hef ég um langt skeið, síðan ég kom á þessa framlífs jörð, lagt mig eftir því að hlusta á forfeður mína á öðrum hnöttum sem meira vita en ég og sem komist hafa áfram á skylningsleiðina og vísindaleiðina í þessum efnum.

Og hef ég sótt fjölmörg námskeið og setið á skólabekk hér í þessu framlífi á þessum hnetti undanfarin ár og frætt mig um þessi málefni.

Eftir því sem ég hef lært meira um þetta, orkumálefni og sambandið á milli hnattanna, hef ég gert mér betur grein fyrir því að samskipti okkar við frændþjóð okkar og TokkAriana sem þar bjuggu, lögðu grunninn að menningar tengslum og hugmyndum um lífið eftir dauðann sem hjálpuðu okkur að bæta við forfeðra dýrkun okkar, þannig að áhugi hjá forfeðrum mínum vaknaði að reisa slík hof sem síðar voru kölluð stjörnusambandsstöðvar og eiga þannig sambönd við við geiminn og fólkið úti í geimnum, forfeður, formæður og aðra sem þar búa.

Veit ég ekki hvort ég geti verið lengi í sambandinu en ég ætla að byrja á að lýsa lífi mínu á jörðinni og fer ég svo nánar út í það sem ég hef lært hér í framlífi.

Ég á mér læriföður hér á þessum hnetti og tilheyri nokkurs konar munkareglu og fræðireglu, þar sem lögð er áhersla á forn fræði, andleg fræði og íhugun og andlega speki margvíslega.

Og komum við þar inn á þessi mál um stjórnurnar og önnur mannkyn.

Var ég uppi á jörðinni á síðustu öld og ekki svo langt síðan ég lést, það eru rúmlega 30 ár og var ég þá orðinn gamall maður, japanskur maður, heiti ég Ajumu Osaka.

*Vertu velkominn.*

Takk fyrir.

Vann ég í stóru fyrirtæki, fjölskyldufyrirtæki, framleiddum ökutæki fyrir erlendan markað og sá ég um ráðningar og bókhald, starfsmannahald ásamt öðru og vann ég að vísu við fleiri þætti eftir því sem tímar liðu.

Lærði ég að halda tryggð við fyrirtækið og vann ég þar alla mína æfi og afkomendur mínir.

Ólst ég upp við mikinn aga og gerði það mér gott og vorum við stolt og rakti ég ættir mínar aftur til löggæslu liða sem kallaðir voru

Næ því ekki alveg í gegn að sinni, stétt manna sem varði Keisarann og, þarf sérstaka orku til að orðið komist í gegn,

*Samúræjar?*

Nei ekki alveg,

*Skylt því?*

Jaá, jæja skiptir ekki máli, ég var uppi á þeim tíma, þegar árásir voru gerðar á Japan og vorum við í, særðust nokkrir ættingjar mínir en fjölskyldan lifði af að mestu, fjarskyldir sem féllu í þeim árásum óvinanna.

Hörmulegast að fréttu af Hírósíma og Nagasaki, það var nokkuð fjarri okkur að vísu, en mikil sorg, þjóðarsorg.

Og lennti í því að þurfa að skipta um vinnu um tíma þegar útlönd lögðu höft á iðnað okkar og máttum ekki framleiða.

Hér höfum við haldið áfram langlífi okkar í framlífi og spurði ég marga ættingja mína hvað kom til að okkur hafi auðnast það að verða langlíf þjóð.

Og segja þau að það sé þetta hugtak sem þið kallið samstillingin og vildi ég hér í kvöld vitna í lærimeistara minn Fukusama, og segja frá því hvernig hann hefur bæði í hugleiðslu og slíkum leiðslufundum eins og við nú tökum þátt í, haft samband við norræna forfeður ykkar og hvernig þeir komu inn í land okkar og í forsögu okkar hvernig margar tegundir austrænna manna blandaðist og voru til, sem núna eru ekki lengur til nema á öðrum hnöttum framlífsins og hefur ættkvísl okkar og kynstofn, einfaldast og afkomendur þeirra eru fjölmennastir sem ég get ekki nefnt hér í kvöld, það eru fræðiorð sem löngu liðinna ættstofna sem uppi voru.

En voru samskiptin mikil við TokkAríana um tíma, og væri það merkileg saga að segja frá síðar, en mun það þurfa sérstaka orku.

Hef ég sérstaklega lært undanfarin tvö til þrjú ár um samstillinguna og hvernig Íslenskur rithöfundur fann upp á því orði og mun ykkar félag tengt honum, og samstilling og kærleikur.

Finn ég nú orkuna minnka en hér lifum við friðsælu lífi og höfum aftur tekið upp bambusrækt og forna lifnaðarhætti að mörgu leiti, friðsamlegt líf og íhugun og get nú ekki farið meira út í það að sinni og þakka ég kærlega fyrir gott samband og gott hljóð og finn ég góða strauma frá ykkur og vildi ég gjarnan segja frá þessum tengslum við ykkar menningu síðar ef tækifæri gefst til þess.

Verið þið sælir.

*Takk fyrir og vertu velkominn aftur.*

*Vertu blessaður og sæll.*